

1872. skýrslu frá yður um þær ráðstafanir, sem gjörðar verða í þessu
 14. ágúst. tilliti.

14. ágúst. **84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leiðarvísi handa pósthjónum á Íslandi.**

Samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi, 26. febr. þ. á., 17. grein, felur dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, á hendur, að semja og gefa út í tækan tíma leiðarvísa fyrir póstaafgreiðslumenn og bræfhirðingarmenn á Íslandi eftir því, sem fyrir er mælt í auglýsing stjórnarráðsins, 3. maí þ. á., og búa til og birta almenningi þær ákvarðanir, sem með þarf, um komutíma og burtfarartíma allra pósta á Íslandi, fyrir árið 1873 og eftirleiðis fyrir hvert ár.

Með því póstmeistarinn í Reykjavík, sem skipaður var 29. f. m., fyrst tekur við embætti sínu 1. apríl n. á., en hin nýja tilhögun á póstmálum, sem sett er með tilskipun 26. febr. þ. á., kemst í gang um sama leyti, verður eigi farið eftir þeim ákvörðunum óbreyttum, sem auglýsing um póstmál á Íslandi, 3. maí þ. á., 3., 4. og 5. grein, samanbr. 1. grein, hefir inni að halda um skipun póstaafgreiðslumanna, bræfhirðingarmanna og pósta, í fyrsta skipti að þessir sýslunarmenn verða skipaðir, og hefir stjórnarráðið ákveðið, að stiptamtmaður skuli í fyrsta skipti ráða póstaafgreiðslumenn eftir uppástungu hlutaðeiganda amtmanns, en bræfhirðingarmenn og pósta skulu hlutaðeigandi amtmenn ráða, ef póstleiðin að eins nær til eins amts, en stiptamtmaður, ef hún nær til fleiri amta, samkvæmt álit þeirra amtmanna, sem hlut eiga að máli.

Stjórnarráðið mælist því til, að þér, herra stiptamtmaður, samkvæmt þessu, og að öðru leyti samkvæmt fyrnefndri auglýsing dómsmálastjórnarinnar, sjáið um í tækan tíma, að ráðnir verði svo margir pósthjónar á Íslandi, sem fyrir er mælt í aug-

lýsingunni, og til þessa berið yður saman við amtmennina yfir vesturumdæminu og norður- og austur-umdæminu, sem vèr höfum skrifað í dag samkvæmt þessu, að því leyti, er snertir þá póstþjóna, sem ráðnir verða í þeim umdæmum.

1872.

14. ágúst.

85. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að Reykjavík verði tekin í bruna-bótafélag.

15. ágúst.

Útaf bænarskrá þeirri, sem hingað barst með bræfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 18. maí þ. á., frá bæjarstjórninni í Reykjavík, hefir verið lögð fyrir fulltrúa hins almenna bruna-bótafélags kaupstaðanna í Danmörku uppástunga um, að Reykjavík verði tekin inn í tæð brunabótafélag, og hafa fulltrúarnir á fundi sínum í f. m. fyrir sitt leyti samþykkt það með þeim skilyrðum, sem uppástunga sú, sem vèr sendum yður nokkur exemplör af, hefir inni að halda.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það bæjarstjórninni, sendum vèr yður nokkur exemplör af lögum um brunabætur fyrir kaupstaðarhús, 14. maí 1870 og auglýsing dómsmálastjórnarinnar, sem hefir inni að halda ýmsar ákvarðanir um brunabótafélag kaupstaðanna, 8. apríl þ. á., og mælumst vèr til, að þér, herra stiptamtmaður, leitið álits bæjarstjórnarinnar um, hvort hún vili að Reykjavíkur kaupstaður verði tekinn inn í tæð brunabótafélag með þeim skilmálum, sem fyrnefnd uppástunga hefir inni að halda, og sendið það svo hingað með álitum sjálfs yðar, sèrilagi að því leyti, er snertir þær ráðstafanir, sem yður finnst vera þörf á, til að koma þessu máli í lag, ef svo færi að á þyrfti að halda.